

Ed.

§5. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

Lög nr. 30, 20. oktbr. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu eigi koma til framkvæmda að því er snertir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð og Hallbjarnareyrar, heldur skal forstaða þess framvegis sem hingað til falin umboðsmanni, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af eftirgjöldunum.

Umboðsmaðurinn í umboði þessu skal vera búsettur í bygðarlögunum kringum Snæfellsjökul.

Ástæður fyrir frumvarpinu:

Með lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, var svo ákveðið,

að hreppstjórar skyldu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir þjóðjörðum gegn 6% umboðslaunum af eftirgjöldunum, og að lög þessi skyldu koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna. — Enn hafa lög þessi eigi komið til framkvæmda í neinu umboði landsins.

Hvort nýbreytni þessi hafi verið heppilega ráðin, getur orkað nokkurs tvímælis. Breytingin á umboðsskipuninni mun aðallega hafa verið rökstudd með því, að umboðin væru hvort sem var að falla úr sögunni við sívaxandi sölu þjóðjarðanna, og að landssjóði sparaðist nokkurt fje við breytinguna, þar sem umboðslaunin færðust þá niður úr 16²/₃% í 6%. En fengin reynsla af umsjón hreppstjóra yfir kirkjujörðum samkvæmt lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, gegn 6% umboðslaunum, hefir leitt í ljós, að hreppstjórar, sumir hverjir, hafa tæpast gert sjer nægilegt far um að byggja jarðirnar fyrir hæfilegt eftirgjald, er þær hafa losnað, og hafa flestir orðið því fegnir að losna við umboðsmenskuna og lítt borgaða fyrirhöfn við hana, er jarðirnar hafa verið seldar.

Þótt þjóðeignum i mörgum umboðum hafi stórum fækkað á síðasta áratug við sölu jarðanna, þannig að ekki hafi þótt isjárvert vegna vaxandi þjóðjarðasölu að leggja umboðsmannastjettina alment niður, á það að minsta kosti ekki við um langstærsta umboð landsins að tekjuhæð og einkum að eignafjölda, Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð.

Reyndar hafa allmargar af jörðum þess umboðs verið seldar á seinni árum, einkum í austurhluta Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en í vesturhluta sýslunnar eru enn margar þjóðjarðir óseldar, þar á meðal ýmsar, sem ekki hefir verið leyfð sala á, svo sem jörðin Ólafsvík, jarðir þær, er land kaupþúnsins Hellissands heyrir undir, og aðrar þjóðjarðir í námunda þar við, Arnarstapapláss, Hallbjarnareyri með hjáleigum, Skógarnes o. fl. jarðir í umboðinu.

Í sjóplássunum Ólafsvík og Hellissandi fer auk þess útmælingum lóða til bygginga og ræktunar mjög fjölgandi á síðustu árum, og hafa tekjur umboðsins aukist af því að miklum mun, sakir nýrra útmælinga og hækkunar á lóðargjöldum eldri lóða við breytingu þeirra í erfðafestulóðir. Leiðir þetta til þess, að umboðsmaður ætti að sitja í öðru hvoru þessara sjóporpa, þar sem þjóðeignafjöldinn er mestur, eða í grend við þau, og að rjettara virðist að forstaða jafnstórs umboðs, sem horfur eru á, þrátt fyrir framhaldandi sölu nokkurra þjóðjarða, að fremur muni á komandi árum vaxa að afgjaldahæð en þverra, sakir stórauðningar lóðargjalda, sje framvegis sem hingað til falin sjerstökum, skipuðum umboðsmanni, því að við það verður að telja hag umboðsins stórum betur borgið en þótt umsjónin væri falin, sem lítilfjörlegt aukastarf, hverjum hreppstjóra fyrir sinn hrepp.

Kostnaðaraukinn, 4% munur á umboðslaunum, er svo smávægilegur, að hann mundi meir en vinnast upp við tryggari forstöðu umboðsins og betri gát á og yfirliti yfir hagsmuni þess í heild sinni. Enn fremur kemur til athugunar, að innheimta í umboði þessu hefir jafnan verið talin erfið. Alt þetta bendir til þess, að rjett sje, að umboðsmaður sje hafður áfram fyrir umboði þessu eins og hingað til.

Þess skal og getið, að samkvæmt upplýsingum frá núverandi umboðsmanni, hefir hann nú umboð yfir alls 76 jörðum og 187 lóðum, þar af 47 jörðum og 183 lóðum i 6 vestustu hreppum Snæfellsnessýslu, og er það sjálfsgagt

miklu meiri fjöldi þjófæigna en heyrir undir nokkuð annað umboð landsins, og að brúttótekjur umboðsins fyrir árið 1916 námu samtals kr. 7050,12.